

XII

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum aðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 3. desember 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

19. apríl 1991

Nr. 10

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um aðstoð í skattamálum.

Samningur milli Norðurlanda frá 7. desember 1989 um aðstoð í skattamálum öðlast gildi 8. maí 1991, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1990 þar sem samningurinn er birtur. Norðurlandasamningur frá 9. nóvember 1972 um aðstoð í skattamálum ásamt breytingum frá 21. júlí 1976, 11. nóvember 1981 og 18. febrúar 1987, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 25/1972, 10/1973, 11/1977, 4/1982, 18/1987 og 27/1987, fellur úr gildi í samræmi við 24. gr. samningsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. apríl 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

19. apríl 1991

Nr. 11

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

Hinn 2. apríl 1991 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna annarrar valfrjálsar bókunar um afnám dauðarefsingar við alþjóðasamninginn frá 19. desember 1966 um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi sem gerð var í New York 15. desember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin var undirrituð fyrir Íslands hönd 30. janúar 1991 með fyrirvara um fullgildinguna. Alþingi hafði með ályktun 17. desember 1990 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda bókunina.

Bókunin öðlast gildi 11. júlí 1991.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. apríl 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.